

Fundargerð 16. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 19. september 2007 kl. 16:00 á skrifstofu ÞK, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður

Helga Sigrún Harðardóttir, varastjórnarmaður

Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

Markmið fundarins var að halda fund með stjórn og varastjórn þar sem farið væri yfir stöðu verkefna og málefni ÞK. Verkefni félagsins hafa gengið vel og þá sérstaklega þau er lúta að sölu eigna. Á borðinu eru nokkrir samningar sem markmiðið er að kynna á þessum fundi.

1. Stefnumótun félagsins.
Farið yfir stefnumótunarvinnu og stöðu hennar. Verið er að vinna af stefnumótun til framtíðar fyrir ÞK. Vinnan byggir m.a. á úttektarvinnu PwC ásamt fleiri þáttum.
2. Staða verkefna.
Farið yfir verkefni félagsins, þ.m.t. sölu mannvirkja. Kynntir voru þeir sölusamningar sem búið er að vinna að á undanförunum vikum og mánuðum ásamt stefnu félagsins í þeim málum.
3. Önnur mál.
Ekkert var rætt sérstaklega undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið